

# Innbrotspjófnadartrygging

Skilmáli E-11

Vátrygging þessi er viðbót við brunatryggingu lausafjár nr. E-3.

- 1. gr. Bótasvið**
  - 1.1 Vátryggingin nær til tjóns, sem verður á hinum vátryggðu munum við það, að einhver kemst inn í læst húsakynni með innbroti eða með því, að nota óleyfilega fenginn lykil og stelur þar eða veldur skemmdum á hinu vátryggða.
  - 1.2 Vátryggingin nær til tjóns á húsnæði vátryggingartaka við innbrot eða tilraun til innbrots með allt að 5% af vátryggingarupphæð lausafjár. Á þetta bæði við um það húsnæði, sem er eign hans og það sem hann ber ábyrgð á, sem leigutaki.
  - 1.3 Vátryggingin nær til þess ef vátryggðum munum er rænt af vátryggingataka eða starfsmönnum hans á vátryggingastað. Það telst rán þegar vátryggðir munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Bætur vegna þessa liðar takmarkast við 10% af vátryggingarfjárhæðinni.
- 2. gr. Vátryggingastaður**

Vátryggingin nær aðeins til þess tjóns, sem verður á vátryggingarstað þeim sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini.
- 3. gr. Undanþágur frá bótaskyldu**

Vátryggingin nær ekki til:

  - 3.1 tjóns á rúðum, enda þótt það verði í sambandi við innbrot;
  - 3.2 tjóns, sem stafar af eldsvoða, enda þótt hann verði í sambandi við innbrotið;
  - 3.3 tjóns, sem verður vegna innbrota eða tilrauna til þeirra af hendi heimilisfólks eða starfsfólks vátryggingartaka eða þegar þessir aðilar eru meðvaldir að innbroti eða tilraun til þess;
  - 3.4 tjóns vegna stöðvunar á rekstri og annarra slíkra óbeinna tjóna.
- 4. gr. Nánari afmörkun á hinu vátryggða**
  - 4.1 Bætur vegna peninga, verðbréfa og hvers kyns kröfuskjala takmarkast við 1% af vátryggingarfjárhæðinni nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
  - 4.2 Vátrygging þessi nær ekki yfir frumteikningar, handrit né önnur sambærileg vinnuskjöl nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
  - 4.3 Vátrygging þessi nær ekki yfir tölvuforrit, stafræn gögn á tölvudiskum eða hvers kyns upplýsingar á tölvukerfum nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
  - 4.4 Vátryggingin nær ekki til þjófnaðar eða skemmda á lausafé sem geymt er í opnum skemmum, skýlum eða öðrum slíkum geymslum sem ekki eru varanlegar né tryggar.
- 5. gr. Varúðarregla**

**Dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar geymslustaður er mannlau.**
- 6. gr. Skoðunarréttur félagsins**

Félaginu er heimilt, meðan á vátryggingu stendur, að framkvæma skoðun á vátryggingarstaðnum, hvenær sem er og án fyrirvara.
- 7. gr. Tilkynning tjóns**

Þegar innbrotstjón verður, ber vátryggingartaka þegar í stað að tilkynna það til lögreglu. Það er skilyrði fyrir greiðsluskilyldu að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.
- 8. gr. Sjálfsábyrgð**

Í hverju tjóni ber vátryggður sjálfsábyrgð eins og tiltekin er á skírteini eða iðgjaldskvittun.
- 9. gr. Tilvísun til skilmála félagsins vegna brunatryggingar lausafjár og laga um vátryggingarsamninga**

Um vátryggingu þessa gilda jafnframt skilmálar fyrir brunatryggingar félagsins nr. E-3, að svo miklu leyti sem við á, og lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2006**